

ORÐALEIT!

Vertu sá sem finnur flest orð og sigar







mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4

LEIÐBEININGAR

Markmið spilsins:

Finndu flestu orðin og þú vinnur!

Fyrir:

2-4 leikmenn. 7 ára og eldri.

Innihald:

1 Orðaleitar leikborð

10 spjöld með 20 leikjum

1 ýla (falin undir leikborðinu)

4 x 70 litahringir til merkinga (rauðir, gulir, grænir og bláir)

1 leiðbeiningar

Undirbúningur:

Fjarlægjið ýluna undan spilaborðinu og setjið hana þar sem allir leikmenn geti náð í hana.

Setjið leikborðið á mitt borðið.

Leikmenn velja spjald með orðarugli og setja það ofan á hvíta hringinn á leikborðinu þannig að spjaldið passi í holurnar. Gegnsæja spjaldið er sett ofan á þannig að kúptu hringirnir snúi niður. Síðast er græni hringurinn settur yfir. **(sjá mynd 1)**

Snúið gegnsæja spjaldinu í hring þar til græni liturinn (byrjunarreitur) kemur upp í opinu á græna hringnum. **(sjá mynd 2)**

Hver leikmaður fær sinn lit og spilar með samsvarandi litahringjum (til að merkja fundin orð).

Byrja spilið:

Yngsti leikmaður byrjar. Snúið græna hringnum réttisælis þar til fyrsta orðið kemur í ljós.

Leikmaður skal lesa orðið upphátt.

Allir leikmenn leita að orðinu á leikborðinu.

Falda orðið getur verið staðsett hvernig sem er og í hvaða átt sem er, skrifað frá vinstri til hægri, frá hægri til vinstri, lóðrétt, lárétt og á ská en það er alltaf í einni beinni línu (sjá mynd 3). Fyrsti leikmaður til að finna orðið grípur ýluna og kreistir og setur litahringina sína yfir orðið.

Athugið! Þegar leikmaður grípur ýluna en getur ekki bent á orðið strax þarf sá leikmaður að sitja hjá þar til einhver annar leikmaður er búinn að finna orðið.

Spilið heldur áfram:

Spilað er réttisælis. Næsti leikmaður snýr græna hringnum og nýtt orð birtist. Spilað er þangað til öll orðin hafa verið fundin og græni byrjunarreiturinn kemur aftur upp.

Orð sem skerast:

Ef nýfundnið orð skerast yfir orð sem þegar hefur verið fundið á að taka litahring þess orðs af borðinu, nema litahringirnir séu í eigu þess sem finnur nýja orðið. Ef annað orð missir merkingu sína við það að litamerkin eru tekin er það orð einnig ekki lengur gilt og sá sem átti það þarf að taka litamerkin sín af því.

(sjá mynd 4)

Lok spilsins:

Spilið lýkur þegar öll orðin eru fundin eða ef leikmaður klárar merkjahringina sína.

Sigurvegari:

Sá sigrar sem er með flesta litahringi á leikborðinu.

Spilaðu aftur:

Leikmenn velja sér annað spjald og endurtaka leikinn.

Geymsluráð:

Geymið litahringina flokkaða í pokum eftir litum.

Smellið ýlunni undir leikborðið í þar tilgerðan stand.